

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Hagsmunasamtök Heimilanna

-Stöndum vörn um heimili sem grunnstað samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

Frakkastígur 27, Húsnæði Tækniskólans, 101 Rvk

Reykjavík, 22. nóvember 2012
HH2012R3.1U200

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 200. mál, frumvarp til laga á 141. löggjafarþingi
Um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum

Stimpilgjald (afnám stimpilgjalds vegna kaupa á íbúðarhúsnæði)

Hagsmunasamtök heimilanna fagna framkomnu frumvarpi. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er það nú lagt fram í alls þriðja sinn, og vilja samtökin af því tilefni skora á bæði nefndarmenn sem og aðra þingmenn að láta ekki enn eitt þing hjá líða án afgreiðslu málsins.

Samtökin líta svo á að afnám stimpilgjalda vegna kaupa á íbúðarhúsnæði yrði til mikilla hagsbóta fyrir heimili. Engin sérstök rök mæla heldur með því að ríkið hafi tekjur af kaupum einstaklinga á íbúðarhúsnæði. Samtökin telja að afnám stimpilgjalda sé nauðsynleg forsenda fyrir heilbrigðri samkeppni á lánamarkaði og þar með eðlilegri verðmyndun lántökukostnaðar. Gjöldin hafa til þessa verið meðal þess sem hindrar neytendur frá því að færa lánaviðskipti sín þangað sem þeir eru hvað ánægðastir með viðskiptakjör og þjónustu. Með því að ryðja úr vegi þeirri hindrun sem felst í stimpilgjöldum yrði stigið mikilvægt skref í átt að virkari samkeppni á lánamarkaði, sem er til þess fallið að veita lánastofnunum mikilvægt aðhald gagnvart lánakjörum og þjónustugæðum.

Auk stimpilgjalda standa neytendur þó frammi fyrir fleiri svipuðum hindrunum. Má þar nefna lántökugjöld sem lánveitendur leggja á í hlutfalli við lánsfjárhæð. Frá sjónarmiði lántakanda fela slík gjöld í sér sambærilegar samkeppnishindranir og gildir þá einu hvort þau renna til lánveitanda eða ríkissjóðs. Með sömu rökum og eiga við um stimpilgjöld mælast samtökin til þess að lögð verði takmörk við lántökukostnaði þannig að hann miðist við fasta fjárhæð samkvæmt gjaldskrá lánveitanda frekar en prósentuhlutfall af höfuðstóli. Þannig yrði lántökukostnaðurinn jafnframt gegnsær sem myndar aðhald gagnvart því að hann endurspeglí í raun og veru hóflegt endurgjald fyrir skjalaumsýslu og þess háttar, fremur en að líkjast aukaskatti eða vaxtaálagi á lánveitinguna.

Loks mælast samtökin til þess að skrefið verði tekið til fulls og lagt bann við samningsákvæðum sem kveða á um uppgreiðslugjöld. Fyrir því eru sömu rök og tíunduð hafa verið um mikilvægi þess að neytendum sé gert kleift að leita með viðskipti sín þangað sem þeir séu hvað ánægðastir.

Yrði viðskiptavinum fjármálastofnana gert auðveldara að færa viðskipti sín milli lánveitenda gæti það stuðlað að heilbrigðari samkeppni, markvissari verðmyndun og bættu fjármálalæsi neytenda. Ryðja þarf úr vegi íþyngjandi kostnaði og öðru því sem kann að hindra ábyrga neytendahegðun.

Með hliðsjón af ofangreindum sjónarmiðum mælast samtökin til þess að frumvarpið sem hér um ræðir verði samþykkt og gera við það engar sérstakar athugasemdir. Auk þess vilja samtökin þó góðfúslega leggja til að eftirfarandi viðbætur verði gerðar við frumvarpið með breytingartillögu:

Núverandi 3. gr. verði að nýrri 5. gr. og á milli komi í staðinn tvær nýjar greinar svohljóðandi:

3. gr.

Við 6. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Gjaldskrá lánskostnaðar samkvæmt 2. tl. 1. mgr. er skylt að birta á starfsstöð lánveitanda með fðstum kostnaði þeirra lána sem neytendum standa til boða. Óheimilt er að kveða á um breytilegan eða hlutfallslegan lánskostnað í gjaldskrá.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. a. laga nr. 121/1994 um neytendalán:


- a. Orðin „með breytilegum vöxtum“ í 1. mgr. falla brott.
- b. Orðin „, ef upphaflegur höfuðstóll lánsins er að jafnvirði 50 millj. kr. eða minna“ í 1. mgr. falla brott.
- c. 3. og 4. mgr. falla brott.

Rétt er að benda á að í nýju frumvarpi til endurskoðunar laga um neytendalán,¹ eru að nokkru leyti lagðar takmarkanir við uppgreiðslugjöldum sbr. 18. gr. frumvarpsins. Samtökin telja þó að þar sé ekki gengið nógu langt, og vilja koma á framfæri þeirri hugmynd að gera þar breytingartillögu um að lagðar verði skýrari takmarkanir við uppgreiðslugjöldum, ekki síst vegna verðtryggðra lána sem þrátt fyrir að hafa í mörgum tilvikum fasta nafnvexti geta haft mjög breytilega greiðslubyrði þegar áhrif verðtryggingar eru reiknuð yfir í nafnverð á afborgun.

Jafnframt vilja samtökin benda á að í sama frumvarpi til laga um neytendalán virðist ekki vera að finna neitt ákvæði sambærilegt við það sem gerð er tillaga um varðandi 6. gr. núgildandi laga um takmarkanir á svokölluðum lántökugjöldum sem eru oft ákvörðuð sem prósentuhlutfall af fjárhæð láns. Þetta telja samtökin í raun aðeins ígildi vaxtaálags sem hefur nákvæmlega sömu áhrif og áður er lýst varðandi hömlur gegn uppgreiðslufrelsi og ætti að vera óheimilt eins og í mörgum nágrannalöndum Íslands, nema að því marki sem getur talist endurspeglar sanngjarnan og fastan kostnað við umsýslu vegna lántökunnar, samkvæmt gjaldskrá lánveitanda.

Virðingarfyllt,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna



Guðmundur Ásgeirsson, varaformaður

¹ Þingskjal 228 — 220. mál. Frumvarp til laga um neytendalán: <http://www.althingi.is/alttext/141/s/0228.html>